

Reglur eignastýringar Kviku banka hf. um mat á virði fjármálagerninga

Samþykkt 11.8.2017 / Áætluð endurskoðun 11.8.2018 / Ábyrgðaraðill: Framkvæmdastjóri eignastýringar

1 Tilgangur og gildissvið

- 1.1 Markmið reglna þessara er að skjalfesta og skýra ferli eignastýringar við mat á virði fjármálagerninga sem viðskiptamaður leggur inn á verðbréfasafn sitt hjá eignastýringu.
- 1.2 Reglur þessar taka til viðskipta Kviku við þá sem skrifað hafa undir samning um eignastýringu og óska þess að leggja fjármálagerninga í sinni eigu inn á eignastýringarsafn.
- 1.3 Ekkert í reglum þessum takmarkar heimild starfsmanna eignastýringar til að hafna því að fjármálagerningar verði lagðir inn á eignastýringarsafn viðskiptavinar, m.t.t. þess hvort umræddir fjármálagerningar samræmast takmörkum og heimildum sem um safnið gilda.

2 Mat á virði fjármálagerninga

- 2.1 Meginreglan er að fjármálagerningar skuli metnir út frá síðasta þekkta viðskiptaverði.
- 2.2 Sé ekki þekkt viðskiptaverð til staðar eða telji eignastýring ekki rétt að miða við síðasta þekkta viðskiptaverð, t.d. vegna þess að það byggir á gömlum viðskiptum, aðstæður hafa breyst frá því að viðskipti áttu sér stað, viðskipti voru ekki framkvæmd á grundvelli armslengdarsjónarmiða eða af öðrum ástæðum, skal eignastýring leggja skriflegt mat á virði viðkomandi fjármálagerninga.
- 2.3 Virðismat eignastýringar skv. gr. 2.3. skal gert áhættustýringu aðgengilegt. Áhættustýring getur samþykkt virðismat eignastýringar, kallað eftir frekari rökstuðningi frá eignastýringu, hafnað matinu, lagt fyrir eignastýringu að framkvæma það að nýju eða lagt sjálfstætt, endanlegt mat á virði fjármálagerninganna.

3 Breytingar

- 3.1 Breytingar á reglum þessum verða aðeins gerðar skriflega og taka gildi þegar forstöðumaður eignastýringar hefur samþykkt þær.

Samþykkt af framkvæmdastjóra eignastýringar Kviku banka hf. þann 11.8.2017